

Borgarstjórn Reykjavíkur  
23. janúar 2024

## Umræða um vaxandi fátækt og ójöfnuð í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins)

### Greinargerð

Flokkur fólksins var stofnaður til að að berjast gegn fátækt. Það er bláköld staðreynd að fátækt og ójöfnuður hefur aukist í Reykjavík á vakt þessa og síðasta meirihluta. Erfiðara er að ná endum saman. Færri áttu fyrir jólinum nú en áður. Þetta kemur fram í nýjum Þjóðarpúlsi Gallup. Þau tekjuminnstu eru líklegust til að ná ekki endum saman fjárhagslega og hlutfall þeirra hefur ekki verið jafn hátt í sjö ár. Um þriðjungur þekkir fátækt af eigin raun eða í sínu nærumhverfi. Leigjendur eru í hópi þeirra verst settu. Fátækt bitnar mest á börnum og viðkvæmum hópum. Þó við sjáum ekki börn betlandi á götuhornum fyrir mat er talið að mörg þúsund börn í Reykjavík búi við fátækt og bætist hratt í hópinn. Aðeins brot af þeim fjölskyldum sem búa í fátækt eru á fjárhagsaðstoð. Árlegar skýrslur Barnaheilla lýsa vaxandi fátækt og ójöfnuði. Þessar skýrslur eru jafnan kolsvartar.